

The page is decorated with various musical symbols including treble clefs, musical notes, and a sun icon. A horizontal orange brushstroke is positioned below the subtitle.


Leikskólalögin okkar

Leikskólinn Sólvellir


**Lögin sem við syngjum samhliða
lögunum sem birtast í tímalínu.**



Í leikskóla er gaman



Í LEIKSKÓLA ER GAMAN,
ÞAR LEIKA ALLIR SAMAN,
ÞEIR LEIKA ÚTI OG INNI OG ALLIR ERU MEÐ.



ÞEIR HNOÐA, LEIRA OG LITA,
ÞIÐ ÆTTUÐ BARA AÐ VITA
HVAÐ ALLIR ERU DUGLEGIR Í LEIKSKÓLANUM HÉR.



Halló Krakkar

HALLÓ KRAKKAR, HALLÓ KRAKKAR

VELKOMIN Í DAG

GAMAN ER AÐ SJÁ YKKUR

GAMAN ER AÐ FÁ YKKUR

HALLÓ KRAKKAR, HALLÓ KRAKKAR

VELKOMIN Í DAG.

The page is decorated with various musical elements: a yellow sun with rays in the top left, a treble clef with a key signature of one sharp (F#) in the top right, and several musical notes scattered around the text. The title 'Litalagið' is written in a large, bold, black serif font and is underlined with a thick, orange, hand-drawn brushstroke.

Litalagið

**GULUR, RAUÐUR, GRÆNN OG BLÁR,
SVARTUR, HVÍTUR, FJÓLUBLÁR,
BRÚNN, BLEIKUR BANANI,
APPELSÍNA TALANDI.**

**GULUR, RAUÐUR, GRÆNN OG BLÁR,
SVARTUR, HVÍTUR, FJÓLUBLÁR.**

The page is decorated with various musical elements: a yellow sun with rays in the top left, a treble clef with a key signature of one sharp (F#) in the top right, and several musical notes scattered around the text. The title 'Vinalagið' is written in a large, bold, black serif font and is underlined with a thick, orange, hand-drawn brushstroke.

Vinalagið

**VIÐ ERUM VINIR, VIÐ ERUM VINIR,
ÉG OG ÞÚ, ÉG OG ÞÚ.**

**LEIKUM OKKUR SAMAN, LEIKUM OKKUR SAMAN
ÞÚ OG ÉG, ÞÚ OG ÉG.**



Fingralagið - nöfnin

ÞUMALFINGUR, ÞUMALFINGUR HVAR ERT ÞÚ?

HÉR ER ÉG, HÉR ER ÉG!

GÓÐAN DAGINN, DAGINN, DAGINN.

(VÍSIFINGUR, LANGATÖNG O.S.FR.V.)



Kalli könguló

KALLI LITLI KÖNGULÓ

KLIFRAÐI UPPÁ VEGG.

SVO KOM RIGNING OG KALLI LITLI FÉLL


UPP KOM SÓLIN OG ÞERRAÐI HANS KROPP

KALLI LITLI KÖNGULÓ

KLIFRAÐI UPPÁ TOPP.



Afi minn og amma mín



**AFI MINN FÓR Á HONUM RAUÐ
EITTHVAÐ SUÐUR Á BÆI,
AÐ SÆKJA BÆÐI SYKUR OG BRAUÐ
SITT AF HVORU TAGI.**


**AFI MINN OG AMMA MÍN
ÚTI Á BAKKA BÚA,
ÞAU ERU BÆÐI ÞÆG OG FÍN,
ÞANGAÐ VIL ÉG FLJÚGA.**

**FLJÚGA HVÍTU FIÐRILDIN
FYRIR UTAN GLUGGANN,
ÞARNA SIGLIR EINHVER INN
OFURLÍTIL DUGGAN.**



Krummi krunkar úti

KRUMMI KRUNKAR ÚTI,
KALLAR Á NAFNA SINN.
ÉG FANN HÖFUÐ AF HRÚTI
HRYGG OG GÆRUSKINN.
KOMDU NÚ OG KROPPAÐU MEÐ MÉR,
KRUMMI NAFNI MINN.



Upp á fjall


UPP, UPP, UPP Á FJALL,
UPP Á FJALLSINS BRÚN.
NIÐUR, NIÐUR, NIÐUR, NIÐUR,
ALVEG NIÐUR Á TÚN.

The page is decorated with various musical elements: a yellow sun in the top left, a treble clef with notes in the top right, and several individual notes and staves scattered around the text. A thick orange brushstroke underline is positioned above the first stanza.

A og B

**A OG B, SPOTT OG SÉ
GRÍSINN GALAR UPPI' Í TRÉ.
LÍTIL MÚS TIL OKKAR FÚS
KOM OG BYGGÐI HÚS.**

**LAMB Í BAÐI, BORDAR SÚKKULAÐI,
HUNDUR JARMAR, GALAR GRÍSINN HÁTT!**

A single treble clef is positioned to the left of the second stanza.

**A OG B, SPOTT OG SPÉ,
GRÍSINN GALAR UPP ' Í TRÉ.
HRÓP OG KÖLL UM VÍÐAN VÖLL,
ÞÁ ER SAGAN ÖLL.**



Dúkkán hennar Dóru



DÚKKAN HENNAR DÓRU VAR
MEÐ SÓTT, SÓTT, SÓTT.


HÚN HRINGDI OG SAGÐI LÆKNI AÐ
KOMA FLJÓTT, FLJÓTT, FLJÓTT.

LÆKNIRINN KOM MEÐ SÍNA TÖSKU OG SINN HATT.



HANN BANKAÐI Á HURÐINA.

RATATATATAT.



HANN SKOÐAÐI DÚKKUNA
OG HRISTI SINN HAUS.

HÚN SKAL Í RÚMIÐ OG EKKERT RAUS.

HANN SKRIFAÐI Á MIÐA HVAÐA PILLU SKILDI HÚN FÁ.

ÉG KEM AFTUR Á MORGUN
EF HÚN ER ENN VEIK ÞÁ.

A decorative page with various musical notes, a sun, and a treble clef scattered around the text. The title 'Allir krakkar' is centered at the top in a large, bold, black font, underlined with a thick orange brushstroke.

Allir krakkar

ALLIR KRAKKAR, ALLIR KRAKKAR

ERU Í SKESSULEIK.

MÁ ÉG EKKI MAMMA,

MEÐ Í LEIKINN ÞRAMMA?

MIG LANGAR SVO, MIG LANGAR SVO

AÐ LYFTA MÉR Á KREIK.

A decorative page with various musical notes and a treble clef scattered around the text. The title 'Höfuð herðar...' is centered in the middle in a large, bold, black font, underlined with a thick orange brushstroke.

Höfuð herðar...

HÖFUÐ HERÐAR HNEÓ OG TÆR, HNEÓ OG TÆR

HÖFUÐ HERÐAR HNEÓ OG TÆR, HNEÓ OG TÆR

AUGU, EYRU MUNNUR OG NEF

HÖFUÐ, HERÐAR HNEÓ OG TÆR, HNEÓ OG TÆR.



Fingra lagið - einn lítill..

EINN LÍTILL, TVEIR LITLIR, ÞRÍR LITLIR FINGUR
FJÓRIR LITLIR, FIMM LITLIR, SEX LITLIR FINGUR
SJÖ LITLIR, ÁTTA LITLIR, NÍU LITLIR FINGUR
TÍU LITLIR FINGUR Á HENDI.

Grundfirðingar erum við

GRUNDFIRÐINGAR ERUM VIÐ

OG ÞAÐ ER VOÐA GAMAN

LEIKUM OKKUR ÚTI OG INN

OG ERUM ALLTAF SAMAN

ÞEIR SEM HORFA Á OKKUR VERÐA GRÆNIR Í

FRAMAN

GRUNDFIRÐINGAR ERUM VIÐ OG ÞAÐ ER VOÐA

GAMAN!

The page is decorated with various musical elements: a yellow sun with rays in the top left, a treble clef with a key signature of one sharp (F#) in the top right, and several scattered musical notes and staves. A thick orange brushstroke underline is positioned below the title.

Dansi dúkkan mín

DANSI, DANSI DÚKKAN MÍN.

DÆMALAUST ER STÚLKAN

**FÍN. VOÐA FALLEGT HROKKIÐ HÁR,
DHETTAN RAUÐ OG A7KJÓLLINNDBLÁR.**



SVO ER HÚN MEÐ SILKISKÓ,

SOKKA HVÍTA EINS OG SNJÓ.

HELDURÐU' EKKI' AÐ CHÚN SÉ FÍN?

GDANSI, D7DANSI GDÚKKAN MÍN.

EF ÞÚ VEIST UM HÖFUND LAGS SEND

.



Sól sól skín á mig

SÓL, SÓL SKÍN Á MIG,
SKÝ, SKÝ BURT MEÐ ÞIG.

GOTT ER Í SÓLINNI AÐ GLEÐJA SIG,
SÓL SÓL SKÍN Á MIG.

SÓLIN ER RISIN, SUMAR Í BLÆNUM,
SVEITIRNAR KLÆÐAST NÚ FELDINUM GRÆNUM.

ÓMAR ALLT LÍFIÐ AF YLRÍKUM SÖNG,
UNÆSBJÖRTU DÆGRIN LÖNG.

VIÐLAG



5 litlir apar

FIMM LITLIR APAR SÁTU UPPI Í TRÉ


ÞEIR VORU AÐ STRÍÐA KRÓKÓDÍL: "ÞÚ NÆRÐ EKKI MÉR!"

ÞÁ KOM HANN HERRA KRÓKÓDÍLL
SVO HÆGT OG RÓLEGA OG... AMMM!


FJÓRIR LITLIR APAR... O.S.FR.V.

The page is decorated with various musical elements: a yellow sun in the top left, several blue musical notes and treble clefs scattered around, and a blue scribble in the top center. The title is written in a large, bold, black font.


Brunabíllinn, kötturinn og fuglinn

A decorative musical staff with notes is on the left side of the text block.

**BABÚ BABÚ! BRUNABÍLLINN FLAUTAR.
HVERT ER HANN AÐ FARA? VATN Á ELD
AÐ SPRAUTA. TSS, TSSS, TSS, TSS!
GERIR ALLA BLAUTA.**

A decorative musical staff with notes is on the left side of the text block.

**MJÁ MJÁ MJÁ MJÁ! MJÁLMAR GRÁA
KISA. HVERT ER HÚN AÐ FARA? ÚT Í
SKÓG AÐ GANGA. USS, USS, USS, USS!
SKÓGARÞRÖST AÐ FANGA.**

A decorative musical staff with notes is on the left side of the text block.

**BÍBÍ BÍBÍ! SKÓGARÞRÖSTUR SYNGUR.
HVERT ER HANN AÐ FARA? BURT FRÁ
KISU FLÝGUR. VÍÍ, VÍÍ, VÍÍ, VÍÍ! UM
LOFTIN BLÁ HANN SMÝGUR.**



Stóra brúin

**STÓRA BRÚIN FER UPP OG NIÐUR,
UPP OG NIÐUR, UPP OG NIÐUR,
STÓRA BRÚIN FER UPP OG NIÐUR,**

ALLAN DAGINN!

**BÍLARNIR AKA YFIR BRÚNA,
YFIR BRÚNA, YFIR BRÚNA.**

**BÍLARNIR AKA YFIR BRÚNA,
ALLAN DAGINN!**

**SKIPIN SIGLA UNDIR BRÚNA,
UNDIR BRÚNA, UNDIR BRÚNA.**

**SKIPIN SIGLA UNDIR BRÚNA,
ALLAN DAGINN!**

**FLUGVÉLAR FLJÚGA YFIR BRÚNA,
YFIR BRÚNA, YFIR BRÚNA.**

**FLUGVÉLAR FLJÚGA YFIR BRÚNA,
ALLAN DAGINN!**

**FISKARNIR SYNDA UNDIR BRÚNA,
UNDIR BRÚNA, UNDIR BRÚNA.**

**FISKARNIR SYNDA UNDIR BRÚNA,
ALLAN DAGINN!**

O.FL. FUGLARNIR OG BÖRNIN